

Standard Eurobarometer 76

ALMENNINGSÁLIT INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS Haust 2011

SKÝRSLA

ÍSLAND

Þessi könnun var gerð að beiðni, og samhæfð af, stjórnarsviði samskipta hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Skýrslan var gerð fyrir sendinefnd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á Íslandi.

Innihald skýrslunnar endurspeglar ekki endilega viðhorf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Túlkun sem fram kemur í skýrslunni er frá höfundum hennar komin.

Standard Eurobarometer 76 / Haust 2011 – TNS Opinion & Social

Efnisyfirlit

2	1. Upplýsingar um Evrópumál
2	1.1 Þekking á Evrópumálum
3	2. Fréttir og umfjöllun um stjórnmál
3	2.1 Fjölmíðlanotkun
5	2.2 Fréttir af innlendum og evrópskum stjórnmálum
8	2.3 Traust til vefsíðna
8	3. Upplýsingar og umfjöllun um Evrópusambandið
8	3.1 Hvar leitar fólk að upplýsingum um Evrópusambandið
9	3.2 Umræðan um Evrópusambandið
10	3.3 Traust til samfélagsmiðla


1. UPPLÝSINGAR UM EVRÓPUMÁL

Niðurstöður þessarar skýrslu eru úr könnun sem gerð var meðal Evrópuþjóða í lok árs 2011, þar á meðal á Íslandi. Spurt var meðal annars um hversu upplýst fólk myndi þá sjálf og aðrir vera um Evrópumál og hvaðan það fengi fréttir af innlendum og evrópskum stjórnmálum. Í því samhengi var fjölmiðla- og internetnotkun könnuð og spurt hversu mikið traust fólk bæri til upplýsinga á Internetinu. Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeim myndi umræðan um Evrópusambandið vera nægjanleg, of mikil eða of lítil hér á landi og kannað var hvaða mynd er dregin upp af Evrópusambandinu í fjölmiðlum hér á landi.

1.1 Þekking á Evrópumálum


Almennt séð telja þátttakendur þjóðina ekki vel upplýsta um Evrópumál, þó fleiri telji sig betur upplýsta nú en fyrir ári síðan. Þegar spurt var hversu vel eða illa upplýsta viðmælendur töldu Íslendinga almennt vera um Evrópumál kom fram að 26% þátttakenda töldu Íslendinga vel upplýsta um Evrópumál en 74% töldu þá ekki vel upplýsta. Eins og sést á mynd 1 hér fyrir neðan voru yngstu þátttakendurnir líklegri en þeir sem eldri eru til að telja Íslendinga vel upplýsta um Evrópumál en 35% viðmælenda á aldrinum 15-24 ára töldu þá vera það. Fjórðungur þeirra sem eru 25 ára eða eldri taldi Íslendinga almennt vel upplýsta um Evrópumál.

Mynd 1. Hversu vel eða illa telur þú Íslendinga almennt vera upplýsta um Evrópumál?




Þetta breyttist þó þegar spurt var hversu vel upplýsta viðmælendur töldu sig sjálfa vera. Þannig töldu 44% þátttakenda sig vel upplýsta um Evrópumál en 56% töldu sig ekki vel upplýsta. Í samanburði við önnur lönd Evrópu voru Íslendingar ein af þeim þjóðum sem töldu sig best upplýsta, það er þegar þátttakendur voru spurðir um hversu vel upplýstir um Evrópumál þeir væru sjálfir. (Mynd 2).

Mynd 2. En hversu vel eða illa telur þú sjálfa(n) þig almennt vera upplýsta(n) um Evrópumál?



Umræðan um Evrópumál hefur verið nokkuð mikil á Íslandi og þannig telja fleiri þátttakendur sig vel upplýsta um Evrópumál nú en árið 2010. Á mynd 3 sést að fjöldi þeirra sem telja sig vel upplýsta hefur aukist úr 34% árið 2010 í 44% árið 2011. Talsverður munur er eftir kyni en 33% kvenna telja sig vel upplýst um Evrópumál á móti 56% karla. Eldra fólk telur sig almennt betur upplýst en yngra. Því eldri sem þátttakendur voru, því betur töldu þeir sig upplýsta en hæst var hlutfallið í aldurshópnum 40-54 ára. Í þeim hópi töldu 53% þátttakenda sig vel upplýst um Evrópumál. Niðurstöðurnar sýna því að fólk telur sig sjálfst hafa meiri þekkingu á Evrópumálum en fólk í samfélaginu almennt.

Mynd 3. En hversu vel eða illa telur þú sjálfa(n) þig almennt vera upplýsta(n) um Evrópumál?




2. Fréttir og umfjöllun um stjórnmál

2.1 Fjölmíðlanotkun


Einnig var kannað áhorf á sjónvarp, hlustun á útvarp, lestur dagblaða og notkun á Internetinu, þar með talin notkun á samfélagsmiðlum. Íslendingar virðast síður en aðrir Evrópubúar horfa á sjónvarpið daglega en þó horfa þrír af hverjum fjórum á sjónvarpið á hverjum degi hér á landi. Rétt 13% svarenda sögðust horfa tvisvar til þrisvar í viku á sjónvarpið en 12% sjaldnar en einu sinni í viku (Mynd 4). Internetið er stór hluti af lífi landsmanna og sést það í tölum um notkun á netinu og samfélagsmiðlum, sérstaklega þegar miðað er við önnur Evrópulönd.

Mynd 4. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú...




Miðað við könnunina horfa Íslendingar á sjónvarpið á netinu í meira mæli en flestar aðrar Evrópuþjóðir. Í samanburði við hin Evrópulöndin raðaðist Ísland í annað sæti af öllum þjóðum hvað varðar tíðni þess að horfa á sjónvarpið á Internetinu (Mynd 5).

Mynd 5. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú horfir á sjónvarp í gegnum netið?




Íslendingar virðast duglegastir Evrópubúa að nýta sér Internetið en 86% þátttakenda í íslenska hluta könnunarinnar nota Internetið daglega eða næstum því daglega. Næst á eftir í samanburði við hin Evrópulöndin er Svíþjóð en 82% þar nýta sér Internetið daglega. Eins og sést á mynd 6 sögðust 98% þátttakenda á Íslandi í hópi 15-24 ára nota Internetið daglega en það hlutfall fer minnkandi með aldri. Í hópi 25-39 ára er dagleg notkun Internetisins algeng á meðal 95% þátttakenda, í hópi 40-54 ára er hlutfallið 91% en hrapar svo niður í 64% í aldurshópnum 55 ára og eldri. Eini aldurshópurinn þar sem einhverjir segjast aldrei nota Internetið eru þeir sem eru 55 ára og eldri en þar segjast 17% aldrei nota Internetið. Heilt yfir er mjög lítil munur á notkun karla og kvenna en 88% karla segjast nota Internetið daglega á móti 84% kvenna.

Mynd 6. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú notar netið?




Ef notkun samfélagsvefja er skoðuð bendir margt til þess að á Íslandi sé fólk öflugt í notkun samfélagsvefja. Raunar tróna Íslendingar þar á toppnum miðað við aðra Evrópubúa (sjá mynd 7). Rúmur helmingur aðspurðra á Íslandi sagðist nota samfélagsvefi daglega eða næstum daglega og eingöngu 21% sagðist aldrei nota sér samfélagsvefi.

Mynd 7. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú notar samfélagsvefi á netinu?




Sjá má nokkuð skýra skiptingu eftir aldri en í yngsta hópnunum, 15-24 ára, nýta 86% sér samfélagsvefi á degi hverjum. Ef skoðaðar eru tölur fyrir fólk á aldrinum 25-39 ára eru það 74% sem nýta sér miðlana á hverjum degi, í hópnunum 40-54 ára er hlutfallið 42% og langlægst er hlutfallið í elsta aldurshópnunum eða 23% (sjá mynd 9).

Mynd 9. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú notar samfélagsvefi á netinu?



Ísland er í fimmta sæti þegar kemur að lestri blaða. 66% íslenskra þátttakenda segjast lesa blöð daglega eða næstum daglega en í efsta sæti kemur Svíþjóð og Finnland þar á eftir. Eins og í fleiri spurningum tengdum miðlum er munurinn hvað mestur þegar lesturinn er skoðaður eftir aldri en einnig er áhugavert að skoða lestur eftir því hvar fólk býr á landinu þ.e. hvort það búi í dreifbýli eða þorpi, litlum eða meðalstórum bæjum eða stórum bæjum (Mynd 8).

Mynd 8. Getur þú sagt mér í hve miklum mæli þú lest blöðin?




Svo virðist sem aðgangur að blöðum sé nægur því ekki kom fram í könnuninni að fólk hefði ekki aðgang að blöðum burtséð frá búsetu. Því er áhugavert að sjá að þeir sem búa á afskekktari stöðum virðast lesa blöðin mun sjaldnar en þeir sem búa í stórum bæjum eða í borginni. 72% þeirra sem búa í stærri bæjum eða í borginni lesa blöðin daglega eða næstum daglega en hlutfallið dettur niður í 46% hjá þeim sem búa í dreifbýli eða þorpum.

2.2 Fréttir af innlendum og evrópskum stjórnmálum


Til þess að fá fréttir um innlend stjórnmál sögðust þátttakendur á Íslandi heilt yfir helst nýta sér Internetið. Nokkur munur var eftir kyni og aldri þegar litið var til þess hvar þátttakendur leita sér helst að upplýsingum um innlend stjórnmál. Þannig virðast konur frekar fá fréttirnar úr sjónvarpi en karlar af Internetinu. Fólk á aldrinum 25-39 ára er líklegast til að ná sér í upplýsingar á Internetinu en 61% þeirra sagðist helst nýta sér það. Ef horft er á elsta aldurshópið, 55 ára og eldri, sést að einungis 12% þeirra nýta sér helst Internetið í þessum tilgangi. Elsti hópurinn velur frekar sjónvarpið en tæpur helmingur þeirra sagðist helst horfa á sjónvarpið til þess að fá fréttir af innlendum stjórnmálum.

Mynd 10. Hvaðan færð helst fréttir af innlendum stjórnmálum?



Þegar niðurstöður á Íslandi eru bornar saman við önnur Evrópulönd kemur í ljós að fleiri á Íslandi en annars staðar í Evrópu segjast helst nýta sér Internetið við upplýsingaöflun af þessu tagi (Mynd 11).


Mynd 11. Hvaðan færð helst fréttir af innlendum stjórnmálum?



Ef skoðaðar eru þær vefsíður sem þátttakendur heimsækja helst til að nálgast fréttir af innlendum stjórnmálum (mynd 12) kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti fólks á Íslandi segist nýta sér upplýsinga- eða fréttavefi í þessum tilgangi. Þannig

sögðust nær allir þátttakendur nýta sér fréttavefi en eingöngu 16% sögðust fara á vefsvæði stofnana eða opinber vefsvæði til dæmis þau sem eru á vegum stjórnvalda. Hlutfall þeirra á Íslandi sem segjast nýta sér opinber vefsvæði er með því lægsta í Evrópu en á móti er hlutfall þeirra á Íslandi sem segjast fara á upplýsingaveitur eins og fréttavefi það hæsta í Evrópu. Ennfremur segist fjórðungur þátttakenda á Íslandi nýta sér samfélagsmiðla til að nálgast fréttir um innlend stjórnmál.


Mynd 12. Hver af eftirfarandi vefsvæðum á netinu notarðu til að fá fréttir af innlendum stjórnmálum?*



*Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda svarenda og þ.a.l. getur heildarsumma prósentna verið hærra en 100%. Vegna fárra svarenda eru sumir svarmöguleikar ekki sýndir.

Kannað var hvaðan fólk nálgast helst fréttir af stjórnmálum í Evrópu og er þá annað uppi á teningnum en þegar spurt var hvaðan fólk fengi fréttir af innlendum stjórnmálum. Flestir, eða 43% á Íslandi sögðust fá sínar fréttir af stjórnmálum í Evrópu úr sjónvarpinu og fylgdi Internetið þar á eftir en 34% þátttakenda nálgast helst upplýsingar um evrópsk stjórnmál á Internetinu. Talsverður munur var á þessu eftir aldri en á meðal elsta hópsins (55 ára og eldri) sögðust tæp 60% helst nýta sjónvarpið til að fá þessar upplýsingar en rétt um þriðjungur í yngsta aldurshópnum (15-24 ára). Þetta sýnst við ef hlutfall þeirra sem nota Internetið til að nálgast upplýsingar um evrópsk stjórnmál er skoðað en þá sést að rúmur helmingur yngsta hópsins nýtir Internetið helst á móti 10% í elsta hópnum. Einnig er munur á þessu eftir því hvar fólk býr á landinu. Sem dæmi má nefna að tæpur helmingur íbúa í Reykjavík segist nýta sér Internetið til að nálgast upplýsingar um evrópsk stjórnmál en einungis 15% íbúa á Norðausturlandi. Þetta sést betur á mynd 13 hér fyrir neðan.


Mynd 13. Hvaðan færð þú helst fréttir af evrópskum stjórnmálum?



Fjöldi þeirra sem segjast helst nálgast fréttir af evrópskum stjórnmálum í sjónvarpinu hefur nánast staðið í stað frá árinu 2010 en nokkrar breytingar hafa orðið á internetnotkun því að nú segjast fleiri en áður fara á Internetið til að fá fréttir af evrópskum stjórnmálum. Árið 2010 sögðust 26% þátttakenda fara á Internetið til að nálgast þær fréttir en nú árið 2011 eru það 34%.

Þegar skoðað var á hvers konar vefsíðum þátttakendur fá helst sínar fréttir um evrópsk stjórnmál voru niðurstöður svipaðar og þegar spurt var um innlend stjórnmál. Þannig sögðust 93% þátttakenda fá fréttir af upplýsingavefsvæðum (s.s. fréttamiðlum) en 13% af opinberum vefsvæðum (sem tilheyra stofnunum og/eða stjórnmöldum). Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við öll Evrópulöndin sést að Ísland er með eitt hæsta hlutfallið varðandi fréttamiðla á upplýsingavefsvæðum en það lægsta ef lítið er til opinberra vefsvæða.

Mynd 14. Hver af eftirfarandi vefsvæðum á netinu notarðu til að fá fréttir af evrópskum stjórnmálum?




*Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur reiknaðar eftir fjölda svarenda og þ.a.l. getur heildarsumma prósentna verið hærrí en 100%. Vegna fárra svarenda eru sumir svarmöguleikar ekki sýndir.

2.3. Traust til vefsíðna

Einnig var kannað hversu vel þátttakendur treysta vefsvæðum stofnana og opinberum vefsvæðum en 76% þátttakenda á Íslandi sögðust treysta vefsvæðum stofnana og opinberum vefsvæðum betur en öðrum. Lítil munur var á milli hópa hvað þetta varðar. Þetta var hæsta hlutfall í Evrópu og er áhugavert í ljósi þess að innlendar niðurstöður benda til þess að Íslendingar nýti sér ekki þessi vefsvæði til að afla sér fréttar af innlendum og erlendum stjórnmálum.

Mynd 15. Hvor þessara tveggja fullyrðinga um internetið er nær þinni skoðun?*




*Ath. Aðeins voru lesnir upp síðustu tveir svarmöguleikarnir

3. Upplýsingar og umfjöllun um Evrópusambandið

3.1. Hvar leitar fólk að upplýsingum um Evrópusambandið

Spurt var hvert þátttakendur leita er þeir vilja nálgast hvers konar upplýsingar um Evrópusambandið. Nokkrar breytingar eru á niðurstöðum frá árinu 2010. Þannig sögðust til dæmis 49% þátttakenda á Íslandi fá upplýsingar í gegnum samræður við ættingja, vini eða samstarfsfélaga nú á móti 39% árið 2010 og hefur það hlutfall því aukist talsvert. Einnig hefur fjöldi þeirra sem nýta sér dagblöðin í þessum tilgangi aukist frá árinu 2010. Þá nýttu 36% þátttakenda sér þau en nú árið 2011 voru það 43% þátttakenda sem sögðust lesa blöðin til að fá upplýsingar um Evrópusambandið. Aftur kemur mikilvægi Internetsins við sögu í upplýsingaöflun landsmanna en 62% viðmælenda nota Internetið til þess að fá upplýsingar um Evrópusambandið og er það hlutfall svipað og árið 2010. Í heildina sögðust 6% allra sem spurðir voru aldrei leita eftir upplýsingum af þessu tagi. Íbúar Norðausturlands skáru sig þó frá öðrum hvað varðar þessa spurningu en 28% þeirra sögðust fá upplýsingar í gegnum samræður við ættingja og vini en hlutfall þeirra sem nefndu þennan möguleika á öðrum búsetusvæðum var frá 44%-61% (sjá mynd 16).


Mynd 16 Þegar þú leitar eftir upplýsingum um Evrópusambandið, stefnu þess eða stofnanir, hverjar af eftirfarandi leiðum notar þú?*



*Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur reiknaðar eftir fjölda svarenda og þ.a.l. getur heildarsumma prósentna verið hærra en 100%. Vegna fárra svarenda eru sumir svarmöguleikar ekki sýndir.


Kannað var hvort Íslendingar þættu almennt tala of mikið, nægilega mikið eða of lítið um Evrópusambandið í sjónvarpi, útvarpi, í blöðum og á vefsíðum. Þar kom í ljós að um helmingur þátttakenda var almennt sammála því að umræðan á þessum miðlum væri nægjanleg en spurt var um hvern og einn miðil.

Mynd 17. Finnst þér Íslendingar almennt tala of mikið, nægilega mikið eða of lítið um Evrópusambandið...?




Um 43% þátttakenda þótti umræða í sjónvarpi vera nægjanleg en nánast sama hlutfall taldi hana of litla. Breytingar á milli ára voru nokkrar en árið 2010 töldu 33% að umræðan væri nægjanleg og 53% að hún væri of lítil. Ef lítið er til útvarpsins sést að rúmlega þriðjungur fannst að umræðan væri of lítil en tæplega helmingur þátttakenda þótti hún nægjanleg. Einnig hafa orðið breytingar á milli ára hvað þetta varðar. Hlutfall þeirra sem töldu umræðuna of litla í útvarpi árið 2010 var tæpur helmingur en nú töldu 37% hana of litla og hefur hlutfall þeirra því minnkað á milli ára. Um 44% þátttakenda þótti umræðan á vefsíðum nægileg en áhugavert er að hlutfall þeirra sem ekki tóku afstöðu var hæst þegar spurt var um vefsíður. Þannig sögðust nær þrír af hverjum tíu svarendum ekki vita hvort þær drægju upp of jákvæða eða neikvæða mynd af Evrópusambandinu. Því var hlutfall þeirra sem ekki gat svarað spurningunni um þennan miðil mun hærra en þegar spurt var um aðra miðla. Í blöðunum þótti umræðan nægjanleg að mati rúmlega helmingur þátttakenda en of lítil að mati þriðjungs þátttakenda. Einnig var kannað hvort umræðan í miðlunum fjórum drægi upp of jákvæða, hlutlausu eða of neikvæða mynd af Evrópusambandinu. Eins og sjá má á mynd 18 sést að á milli 35–40% þátttakenda þótti umræðan í hverjum og einum miðli gefa hlutlausu mynd af Evrópusambandinu. Frá 13-25% fannst hún of jákvæð í hverjum og einum miðli og um fjórðungi eða 24-27% fannst hún of neikvæð ef miðlamir eru skoðaðir hver fyrir sig.

Mynd 18. Finnst þér Íslendingar draga upp of jákvæða, hlutlausu eða of neikvæða mynd af Evrópusambandinu...



Fólk telur síst að vefsíður dragi upp hlutlausa mynd af Evrópusambandinu en sú skoðun er mjög breytileg eftir bæði aldri og búsetu. Fjórðungur þeirra sem búa í dreifbýli eða þorpi finnst Íslendingar draga upp of jákvæða mynd af Evrópusambandinu á vefsíðum en 41% fólks sem býr í stórum bæ eða í borginni finnst þær draga upp hlutlausa mynd. (mynd 19).

Mynd 19. Finnst þér Íslendingar draga upp of jákvæða, hlutlausa eða of neikvæða mynd af Evrópusambandinu á vefsíðum?



Kannað var á hvaða vefsvæðum fólki þætti gagnlegt að finna upplýsingar um Evrópusambandið og kom þá í ljós að yfir 60% þótti gagnlegt að finna upplýsingar á upplýsingavefsvæðum, rúmur helmingur vildi finna þær á vefsvæðum stofnana og opinberum vefsvæðum og 12% þótti gagnlegt að hafa þær á samfélagsmiðlunum. Nokkur munur var eftir aldri ef horft er til upplýsinga á upplýsingavefsvæðum s.s. fréttamiðlum og vefsvæðum dagblaða en 80% yngsta hópsins taldi gagnlegt að upplýsingarnar lægju þar á móti rétt um helming af elsta hópnum (55 ára og eldri). Í Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi voru flestir sem vildu að upplýsingarnar lægju á opinberum vefsvæðum miðað við önnur lönd í Evrópu en einnig voru þessi þrjú lönd hæst yfir þau lönd sem vildu að þær væru aðgengilegar á upplýsingavefsvæðum eins og fréttamiðlum.

3.3. Traust til samfélagsmiðla

Að lokum voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga um samfélagsmiðla, óháð því hvort þeir notuðu þá eða ekki. Um 72% þeirra voru sammála því að samfélagsmiðlar á netinu væru nútímaleg leið til að fylgjast með stjórnmálum en 66% voru jafnframt sammála því að ekki væri hægt að treysta upplýsingum um stjórnmál af samfélagsmiðlum á netinu. Yngsti aldurshópurinn var líklegastur til að vera ósammála því að ekki væri hægt að treysta upplýsingum um stjórnmál á samfélagsmiðlum en eldra fólk var líklegra til að vera sammála því að ekki væri hægt að treysta þeim upplýsingum. Íslenskir þátttakendur voru líklegastir til að vera sammála því, miðað við þátttakendur í öðrum Evrópulöndum. Þannig að þrátt fyrir tiltölulega mikla notkun Íslendinga á Internetinu til upplýsingaöflunar af þessu tagi þá virðast þeir einnig taka þeim upplýsingum með fyrirvara. Flestir voru sammála þeirri fullyrðingu um að samfélagsvefir á netinu geti vakið áhuga fólks á stjórnmálum eða 82% þátttakenda. Að lokum voru viðmælendur spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála því að samfélagsvefir á netinu væru góður vettvangur til að tjá sig um stjórnmál og voru 69% þátttakenda sammála því. Litlar breytingar voru á afstöðu Íslendinga til þessara fullyrðinga frá árinu 2010.

Mynd 20. Samfélagsmiðlar

Samfélagsvefir á netinu eru nútímaleg leið til að fylgjast með stjórnmálum



Ekki er hægt að treysta upplýsingum um stjórnmál af samfélagsvefjum á netinu



Samfélagsvefir á netinu geta vakið áhuga fólks á stjórnmálum



Samfélagsvefir á netinu eru góður vettvangur til að tjá sig um stjórnmál



■ Sammála ■ Ósammála ■ Veit ekki